



Fréttabréf AkureyrarAkademiunnar

september 2024

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í júní sl. Góðar stundir!

Sumarferð

Í júlí fór innanhúsfólk í skemmtilega sumarferð. Fyrst var haldið að Goðafossi til að taka þátt í viðburðinum *Hátíð drekans við Skjálfandafljót* en þar var tengdur saman íslenskur og kínverskur þjóðasagnaarfur um dreka og fljót. Á eftir var keyrt um Bárðardal, Aldeyjarfoss skoðaður og kvöldmatur snæddur að Kiðagili og því næst var haldið heim.

Opið hús

Í tilefni af Akureyrarvöku var opið hús hjá AkAk og bæjarbúum boðið að koma í heimsókn til að kynna sér starfsemina og þiggja léttar veitingar.

Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Frá árinu 2016 hefur verið samstarf á milli AkAk og öldrunarheimila Akureyrar, og nú hjúkrunarheimila Heilsuverndar, sem felur í sér að bjóða íbúum heimilanna upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni, og eru þeir öllum opnir. AkAk leitar bæði til félaga sinna um tillögur að fyrirlestrum og líka til einstaklinga utan hópsins. Á þessu ári voru skipulagðir átta fyrirlestrar með stuðningi Menningar- og viðurkenningasjóðs KEA og Norðurorku hf. Búið er að halda fyrirlestra um ljósmyndasýningu Minjasafnsins *Iðnaðarbærinn Akureyri*, sögu Steinunnar Jóhannesdóttur Hayes vesturfara og trúboðslæknis í Kína, Akureyri í myndlist og um Goðafoss og Skjálfandafljót og mannlífið í héraðinu. Einnig hefur verið boðið upp á dagskrá um stelpur, konur og kerlingar í ljóðum, lausu máli og söng og aðra um ferðir Davíðs Stefánssonar skálds á Ítalíu veturinn 1920-1921. Síðustu fyrirlestrarnir fara fram í október nk. en þá verður annars vegar fjallað um heimildir um álfa og huldufólk á Akureyri og hins vegar um tilurð og tilgang Davíðshúss sem minningarsafns um Davíð Stefánsson skáld.

Kynningar á nýjum rannsóknum

Fyrir skömmu voru sagnfræðingarnir Hrafnkell Lárusson og Skafti Ingimarsson með fróðlega fyrirlestra á vegum AkAk og Félagsvísindadeildar HA um nýlegar rannsóknir sínar á félagastarfi lýðræðis- og stjórnmalapróun á Íslandi 1875-1968. [Sögufélag](#) hefur gefið rannsóknirnar út.

Rannsókn Hrafnkels heitir *Lýðræði í mótun* og beinist hún að því að kanna hvernig vöxtur félagastarfs og almennari þátttaka í því hafði áhrif á lýðræðispróun á Íslandi á árabílinu 1874–1915. Í rannsókninni er áhersla lögð á virkni og þátttöku almennings í starfi félaga og félagshreyfinga sem studdu með beinum eða óbeinum hætti við eflingu og þróun lýðræðis. Reynt er að varpa ljósi á afstöðu almennings

gagnvart lýðræðisstofnunum og kjörnum fulltrúum en einnig er tekið tillit til annarra áhrifaþátta, s.s. þróunar menntunar á tímabilinu, búsetu- og atvinnubreytinga og valdaafstæðna í nærsamfélögum. Í hnotskurn er hér um að ræða félags-, menningar- og stjórnmalasögulega rannsókn á áhrifum almennings á lýðræðisþróun á Íslandi á tímabilinu 1874–1915. Rannsóknin sýnir fram á afgerandi þátt félagastarfs við að breyta samfélagsgerð, stjórnmalum og menningu, þ.e. að þróa íslenskt samfélag frá sveitasamfélagi 19. aldar til nútímasamfélags 20. aldar.

Greint er frá rannsókn Skafta Ingimarssonar hér fyrir neðan.

Innanhúsfólk

Í húsnæði AkAk eru vinnuþláss fyrir 12 einstaklinga hverju sinni. Dagur Tómas Ásgeirsson og Skafti Ingimarsson eru meðal þeirra sem vinna að rannsóknum sínum hjá AkAk.

Dagur Tómas Ásgeirsson

Dagur Tómas er doktorsnemi í stærðfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Hann hélt á dögnum fyrirlestur á alþjóðlegri ráðstefnu í Tbilisi, Georgíu, samhliða því að grein eftir hann birtist í ráðstefnuriti. Ráðstefnan heitir *International Conference on Interactive Theorem Proving* og fjallar um notkun gagnvirkra sannara, þ.e. forritunarmála sem stærðfræðingar nota í sífelld auknum mæli til að sanna stærðfræðilegar setningar, en hafa einnig lengi verið notaðar af tölvunarfræðingum til formlegrar sannprófunar á reikniritum o.þ.h.

Fyrirlestur og grein Dags báru heitið *Towards solid abelian groups: A formal proof of Nöbeling's theorem*, sem þýða mætti á íslensku sem *Stefnt á fastar víxlgrúpur: Formleg sönnun á setningu Nöbelings*. Viðfangsefnið er formleg sannprófun á gamalli setningu í stærðfræði sem hefur nýlega verið nýtt sem undirstaða að nýjum fræðum um svokallaðar fastar víxlgrúpur¹. Formleg sönnun á þessari setningu var verðugt verkefni aðallega af tveim ástæðum. Annars vegar notar hún stærðfræðilegar aðferðir sem höfðu áður lítið verið notaðar í formlegum sönnunum og var því góður prófsteinn á verkfærin (forritunarmálið Lean í þessu tilviki). Hins vegar leiddi hún í ljós ýmsa vankanta á þeim óformlegu sönnunum á þessari setningu sem höfðu áður birst, og skýrði nánar út nákvæmlega hvað sönnunin gengur út á.

Skafti Ingimarsson

Skafti Ingimarsson er nýdoktor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Rannsóknir hans beinast að stjórnmalasögulegri og félagssögu 20. aldar og umhverfissögu. Nýjasta rannsókn hans, *Nú blakta rauðir fánar*, fjallar um upphaf og þróun kommúnistahreyfingarinnar á Íslandi á tímabilinu 1918–1968. Saga hreyfingarinnar er skoðuð í ljósi íslenskrar þjóðfélagsþróunar og alþjóðlegra hugmyndastrauma. Kannað er úr hvaða jarðvegi hreyfingin var sprottin, skoðað hverjir studdu hana og hvers vegna og sýnt hvernig fámennum hópi íslenskra kommúnista tókst að gera flokk sinn að fjöldahreyfingu, ólíkt því sem gerðist í flestum nágrannalöndum. Valdabaráttan innan Kommúnistaflokks Íslands (1930–1938) og Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins (1938–1968) er skoðuð og starfsemi flokksdeilda og sósíalistafélaga víðs

¹ Stærðfræðileg fyrirbæri sem eru alhæfing á bæði klassískum víxlgrúpum og grannrúmum, en henta betur þegar grannmynstri og algebrulegum strúktúr er blandað saman, t.d. ef nota á svipfræðilegar aðferðir.

vegar um landið könnuð, með hliðsjón af viðvarandi togstreitu milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar, eins og sýndi sig í starfi hreyfingarinnar.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <https://www.akak.is/>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir, netfang akak@akak.is